



Tímanna rás.....



„Tíminn er eins og vatnið, og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund mín sjálfs.“

Í kvæði sínu Tímanum og vatninu frá 1948 líkir Steinn Steinarr vitund sinni og tímanum (framvindunni) við kalt og djúpt vatn. Hér er leitast við að miðla þeirri skynjun að vitundin sé lagskipt og þekking okkar á sögunni liggja á mismunandi dýpi.



Hugmyndin

Sýningin er spegill vitundarinnar. Þar er upplýsingum komið fyrir á lagskiptan hátt í hjúpi úr plexigleri sem líkast líkt og samfelld straumfall úr einu herbergi í annað. Sýningin myndar þannig eina öröfa heild upplifunar. Beygjur og útskot ýta undir eftirvæntingu um óvænt ókennuð ævintýri handan við sérhvert horn.

Hjúpurinn er ýmist tær og gegnsær fyrir muni sem búa þar að baki, eða hann þéttist í myndir og texta sem stundum koma skýrt fram strax undir yfirborði hjúpsins eða liggja dýpra og jafnvel lagskipt með leyndardómsfullum og dramatískum hætti. Þar er spurt til mögulegra áhrifa af nýjum menningar-straumum, nýrri tækni, markverðum viðburðum og öðrum áhrifavöldum.



Mynd 1

Samskipt sýningar og húsnæðis

Með því að skapa sjálfstæðan rýmisramma fyrir sýninguna verður herbergjaskipan húsnæðis á Hrafnseyri ekki lengur ráðandi og flæði sýningarinnar óhindrað. Ytri rammi húsnæðisins er áfram sýnilegur, ógreinilegur í dulúðuglegri fjarlægð.

Reiknað er með að loft, gólf og veggir verði málaðir í ljósum litum, þar sem um er að ræða sýningu sem fyrst og fremst verður opin yfir sumartímann verður dagsbirta nýtt sem grunnlýsing sýningarinnar. Gert er ráð fyrir raflýsingu til viðbótar, flóðljósum, kósturum og sérstökum kantljósum með LED tækni. Er við það miðað að hún verði staðsett að baki hjúpsins og er öll lýsing sýningarrýmisins því óbein og stafar frá sýningunni sjálfri.


Hjúpur sýningarinnar gefur gestum færri á að komast að gluggum til að njóta útsýnis á völdum stöðum.



Mynd 2

„... Við sláumst í för með Lisu litlu, smeygjum okkur á bakvið, slétt og kalt yfirborð spegilsins og erum stödd í undralandi, þar sem allt er í senn kunnuglegt og eins og við þekkjum, þó framandi og óvenjulegt.“

LEWIS CARROLL
Through the Looking – Glass (1871)



Að segja sögur

Maður er manns gaman og gamanið felst í því að skipast á sögum. Platon skýrði heimspeki sína með sögum. Jesús Krístur notaði þær til að kenna, fjölmólar reyna að halda okkur upplýstum um þann flókna heim sem við lifum í með því að segja okkur stuttar sögur af viðburðum líðandi stundar og skáldin hræða okkur, ógra, kæta og pota í okkur með sögum.

Skáldið Milan Kundera hefur réttilega bent á að skáldsögur – góðar skáldsögur – segja okkur að heimurinn er margbreytilegur og lífið flókið, surt verður jafnvel aldrei fangað með orðum. Sá sem segir okkur sögu hrindir okkur af stað í ferðalag.

Heimsókn á safnið er spennandi ferðalag. Það er svo undir okkur sjálfum krömið hvað við gerum við söguna eftir að sögu- maðurinn sleggir af henni hendinni. Þótt góðir sögumenn geti haft mikil áhrif er hló endanlega vald ætíð í höndum okkar. Áhýrenda/ áhorfenda því við eigum eftann. Við miðlum texta og myndna á hjúpnum er öllu jafnan miðað við stutta texta og einfaldar skýrar myndir sem vekja athygli gesta á dramatískan hátt og vekja með þeim forvitni til að fræðast frekar um efnið í margmiðunarstöðvum sem felldir eru inn í hjúpinn með jöfnu millibili.

Í tillögunni er á þessu stigi hugmyndavinnunnar ekki tekin afstaða til frágangs margmiðunarstöðvanna að öðru leyti en því, að mælt er með að nota heymartól fremur en hátalara með tilitti til þess hve rýmið er lítið.

Um tímalínu sýningarinnar, flæði og áherslur í miðlun


Sýningin hefst þar sem gengið er inn í hjúpinn úr vindfangi hússins. Aðkoma að kapelli og snyrtingum er utan við sýningarymið og geta því verið í notkun, óháð opnunartíma sýningarinnar.

Í tillöginni er þeirri tímalínu sem sett er fram sem í samkeppnisgögnum fylgt. Val texta, mynda og muna verða miðuð við það. Gert er þó ráð fyrir að hverfa að nokkru frá þeirri skýnu kaflaskiptingu sem fyrirgjafi drög gera ráð fyrir, enda miðast þau við aðgreind herbergi með mismunandi fyrirsögnum. Eitt samfellt sýningarymi býður upp á meira frelsi. Það efni sem fellur undir fyrirsagnir *Mótlæti og meðlæti 1851 – 1865*, *Visindamaðurinn, Fjárhagsmálefni Íslands 1851 – 1874* og *Stjórnskrárbáttan 1851 – 1874* verður sett fram samhliða. Það er mat höfunda að með þeim hætti verði miðlunin meira spennandi og í takti við veruleikann. Með því að miðla ólíkum ævibátum Jóns Sigurðsonar samhliða kemur skýrar í ljós hversu fjölbætt hlutverk hann lék í sögu þjóðar sinnar. Sú saga verður aldrei skilin á einfaldan hátt, miklu fremur sem flókin vensli atvika í ófyrirséðri atburðarás.

Með speglun í yfirborði sýningarhjúpsins eru sýningargestir hvattir til að ígrunda eigin tilvist og sjálfsvitund um leið og þeir eru vaktir til umhugsunar um Jón Sigurðsson, samtíð hans og arfleifðina eftir hann.

Einn af forvígismönnum hins víðurkennda Birminghamskóla, menningarfræðingurinn Stuart Hall hefur orðað þetta á eftirfarandi hátt:

„Það sem miðlar menningunni er alltaf í einhverjum skilningi afmíðað, tungumál, texti, tákning og því tekst alltaf að flýja og forðast tíðraunir til að láta tengja sig beint og milliðaleust við annað. Og þó má á sama tíma alltaf finna skugga, merki eða spor annarra framsetninga, samvinnu textanna þar sem þeir eru staðsettir í stofnunum, textar sem uppspretta valds, texti sem staðsetning birtingar og viðnáms, engar slíkar spurningar er hægt að afmá úr menningarfræði.“



Grunnmynd 1 : 50

Skurðmynd A - A 1 : 20



Hjúpurinn er uppbyggður úr plexigleri sem fest er í gólf og út í vegg. Samsetningar styrktar með plexiglersræmum



Munir sem stíllt er upp bakvið hjúpurinn eru lýstir upp með einföldum lítum LED kösturum.

Sýningin hófbar jafn til barna og fulloröðna. Skrifborð fyrir börn með pappír, lítum og skriffærum er innfellt í hjúpin.


Til að fjalla um arfinn er endurgerð stýltunnar af Jóni Sigurðssyni, sem nú er á Austurvelli, notuð og myndvörpu með gleiðhormalinu beitt til að varpa á hjúpin lífandi myndum frá víðburðum sem orðið hafa á Austurvelli í seinni tíð.

Texti og myndir á filmum sem límdar eru á fram- eða bakið hjúpsins. Gagnsæi hjúpsins er mismunandi eftir lýsingu og filmum.



Öryggisskápar fyrir verðmætustu munina eru felldir inn í hjúpin.


Skurðmynd B - B 1 : 20



Lýkiltexar og myndir eru skomin með laser í plexiglerlóð og lýst með LED ljósum í enda plexiglerskífta til að ná fram sjálfvísandi áhrifum. Leturgerð Futura eftir Paul Renner frá 1927.



Einstökum atvikum eru gerð skil með brívdóm hætti sem minnir á kúlissur í borgaralegu leikhúsi níttjándu aldar. Framsetningin er þá einfölduð listræn túlkun - ekki nákvæmar náttúralistiskar eftirmyndir.



Hægt er að ganga út að völdum gluggum til að njóta útsýnis

Ýmsir smærri munir, bréf, ljósmyndir og fleira leynt í hirslum (skápum og skúffum) sem gestir þurfa að draga út eða opna til að kynna sér nána.

Dagsbirta frá gluggum er grunnljósgjafi. Þar sem dagsbirta er ekki næg er lýsing texta og mynda frá LED flóðljósum bakvið hjúpin.



Í nokkrum tilvikum er útsýni frá t.d. Kaupmannahöfn á filmum sem límdar eru í gluggarúður